

Fundargerð

295. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 4. nóvember 2020 kl. 9⁰⁰–10¹⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar.

Ákveðið að hefja fund á umræðum á lið 4 og síðan lið 5.

2. Veifarféri

Farið yfir stöðu mála í framhaldi af fundi stjórnar (nr. 284) um veifarferasamninginn. HH sýndi glærur og gerði grein fyrir áætlun SFS um söfnun og endurnýtingu veifarfera úr gerviefnum. Lagt til að tekið yrði saman minnisblað um samninginn, þau sjónarmið sem fram hafa komið um hann og þá valkosti sem stjórn stendur frammi fyrir, sérstaklega með hliðsjón af auknum kröfum til framleiðendaábyrgðar á veifarferum úr plasti sem eru væntanlegar.

Ákveðið að halda umræðum áfram á næsta fundi.

Samþykkt.

3. Úrvinnslusjóður

Rætt um framkomna gagnrýni á Úrvinnslusjóð í fjölmiðlum og upplýsingagjöf sjóðsins, m.a. á vef hans. Lögð voru fram á fundinum drög að spurningum og svörum um starfsemi Úrvinnslusjóðs og drög að yfirlýsingu stjórnar. Ákveðið að LHG, BHG og LÓ myndi rithóp til að yfirfara yfirlýsingu stjórnar og drög að spurningum og svörum um starfsemi Úrvinnslusjóðs.

BSB lagði til á fundinum að stjórn feli skrifstofu Úrvinnslusjóðs að yfirfara skýrslu Interpol með það fyrir augum að greina atriði sem kunna að skapa áhættur í starfsemi Úrvinnslusjóðs. Gerð verði grein fyrir niðurstöðum greiningarinnar á næsta stjórnarfundi. BSB lagði einnig til

að stjórn feli skrifstofu Úrvinnslusjóðs að undirbúa yfirferð stjórnar yfir fyrirkomulag og forsendur flutningsjöfnunar.

Samþykkt.

4. Drifraflöður

ÍG kynnti stöðu mála.

5. Raftæki

ÍG fór yfir að þjónustuaðili hefur tilkynnt Úrvinnslusjóði að komnar séu upp nýjar aðstæður við ráðstöfun kælitækja þar sem móttökugjald fyrir ísskápa hefur hækkað um 30 kr/kg án vsk. frá og með 1. nóvember 2020. Ákveðið að hækkun endurgjalds verði tekin fyrir á næsta fundi.

6. Önnur mál

ÓK fór yfir fund með UST og UAR þar sem magntölur í plasti voru ræddar.

Næsti fundur 25. nóvember 2020 kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 10.15